

Fundur hjá Rótarýklúbb Kópavogs, þriðjudaginn 17. febrúar 2020.

Fundurinn var 18. fundur á starfsárinu og fundur nr. 2921 frá upphafi. Fundurinn var haldinn á Café Catalínu, kl. 17:30 og var í umsjá Félagsvalsnefndar, formaður Jóhann Árnason. 22 félagar voru mættir sem gerir 81% mætingarhlutfall.

Gestur var Hafliði Sævarsson ræðumann dagsins.

Forseti, Jón Sigurðsson setti fundinn og las ljóð úr ljóðabókinni „Hryggdýr“ sem var gefin út 2018. Engin hefur átt afmæli frá síðasta fundi.

Kristófer Þorleifsson flutti flutti 3ja mínútna erindi um hvað hefði drifið á daga hans sem nýútskrifaður læknir 1973, komin til starfa í Ólafsvík. Sagði hann m.a. við hvaða aðstæður læknir staðarins bjó við og líkti við aðstæður í kvikmyndinni „Hospital“ frá 7. áratug síðustu aldar en sá spítali var einkarekinn. Hann lauk máli sínu með því að hnykkja á að ekki er gott að láta peninga ráða för.

Ingólfur Antonsson kynnti Hafliða Sævarsson ræðumann fundarins. Hann flutti erindi um menningartengsl Íslands og Kína. Hafliði fékk styrk til að nema í menntaskóla í Hong Kong og síðar í háskólanum Utrecht University í Hollandi þar sem hann lauk BA gráðu í stjórnun og hagfræði og síðar MBA gráðu frá University of Wales 2014 og er nú prófessor á Skrifstofu alþjóðasamskipta HÍ.

Hafliði stíkklaði á stóru um samskipti Íslands og Kína. Stóra skrefið var eflaust stjórnmalasamband árið 1971, sendiráð 1972 og viðskiptasamband á milli landanna árið 2000. 2006-2008 hófst útgáfa vegabréfsáritana og gerður fríverslunarsamningur 2013 – 2014. Kínverskir nemendur hafa komið í skiptinám í íslensku og síðar í HÍ og tala margir þessir nemendur íslensku eins og t.d. JIN Zhijian sendiherra Kína.

Ferðamenn frá Kína voru 90 þús. árið 2018 og þeir eyða miklum fjármunum í sínu ferðalagi, líka á Íslandi. Kínverjar hyggjast hefja flug til Íslands og þá fjölgar kínverskum ferðamönnum hér á landi. Dæmin frá Bretlandi og Bandaríkjunum sýna að við aukið framboð á flugi fjölgar ferðamönnum frá sömu löndum.

Kínverska efnahagsundrið með 10 – 15% árlegum hagvexti hefur minnkað og var nú um 6% en hætt er við að hann verði vart mælanlegur á meðan Covid-19 vírusinn geisar. Reiknað er með að Kínverjar nái tókum á ástandinu í maí – júní og þá fer framleiðslan á fullu ferð.

Rætt var um flug frá Kína, vöxt á tækninýjungum, jafnréttismálum kynjanna og hugleiðingar um önnur pólitísk öfl innan Kína.

Til máls tóku: Karl Magnús Kristjánsson, Bolli Magnússon, Inga Hersteinsdóttir og Páll Á. Jónsson.

Næsti fundur er 3. mars n.k. í umsjá Viðurkenningarnefndar. Formaður hennar er Werner Rasmusson.

3.ja mínútna erindi flytur Ólafur Wernersson.

Fleira var ekki gert, farið var með fjórprófið og forseti sleit fundi kl. 19:00.